

SAMSTARF
HAFNARFJARÐARBÆJAR
VIÐ VERALDARVINI OG GFF

Veraldarvinir eru með bréfi þessu að óska eftir nýjum samstarfsleiðum við Hafnarfjarðarbæ. Forsendur eru margar breyttar og eftir álög faraldurs og óvænt skakkaföll ætlum við nú að fara af stað af fullum krafti. Í framhaldi af þessu bréfi þarf svo að huga að fundi og jafnvel undirritun nýrra samninga.

Í dag er staðan sú að Veraldarvinir hafa tekið yfir GFF (Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs), GFF mun þó áfram halda kennitölu sinni og standa við sínar skuldbindingar. Það eina sem hefur breyst er að nýr framkvæmdastóri er tekinn við og honum fylgir aukin skilvirkni því nú er beintenging við þau samtök sem útvega sjálfbóðaliða. Björn Guðbrandur Jónsson þurfti frá að hverfa vegna alvarlegra veikinda. GFF mun starfa áfram eftir þeim línunum sem hann lagði.

Héðan í frá verða Veraldarvinir og GFF ein samofin heild, jafnvel þótt innanbúðar sé um verkskiptingu að ræða.

Varðandi taðdreifingu og trjáplöntun í Krýsuvík, þá munu Veraldarvinir og GFF sinna þeim verkefnum og fremur bæta í en draga úr. Sum árin hefur GFF verið með fjóra hópa, 15-20 manns í hverjum hóp. Umsvifin aukast strax næsta vor. Þá mun GFF vera með u.þ.b. 20 slíka hópa á svæðinu. Þannig að markmiðið er að hafa á staðnum 15-20 sjálfbóðaliða frá vori og fram á haust. Eins höfum við í hyggju að fjárfesta í tækjakosti til að auðvelda taðdreifingu.

Í innanbúðarkróniku Veraldarvina er talað um taðsvæðið eða vistvanginn í Krýsuvík sem Guðbrandsdal. Í gamni og alvöru tókum við þetta upp til þess að halda á lofti nafni Björns Guðbrandar Jónssonar.

GFF verður með nægan fjölda sjálfbóðaliða á staðnum til að sinna öllum þeim verkefnum sem hingað til hafa verið unnin. Enda er hugmyndin sú í dag að bæta verulega í á sviði gróðursetningar. Eins langar okkur að að koma að öðrum verkefnum sem Hafnarfjarðarbær þarf að láta vinna.

Þar eð forsendur eru breyttar hjá GFF og þar eð við getum boðið fleiri sjálfbóðaliða en hingað til, þá langar okkur að taka upp þráð sem fléttaður var fyrir tveimur árum eða svo. Í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ, langar Veraldarvini að endurbyggja gamla vinnuskólahúsið í Krýsuvík. Við getum komið að hreinsun hússins og getum byrjað að lagfæra þannig að auðveldara sé að meta ástand þess og skoða hverjir kostir eru í stöðunni. Þá getum við hreinsað allt rusl af svæðinu og hjálpað til við að girða. Eins getum við gert húsið upp og gert upp gróðurhúsin sem þarna eru.

Síðustu tvo árin hafa Veraldarvinir gert upp Brú í Hrútafirði. Húsið var talið ónýtt. Í dag eru þar u.þ.b. 25 sjálfbóðaliðar sem stunda m.a. fjöruhreinsun af miklum þrótti. Nú erum við að ljúka þeirri uppbyggingu, þannig að sá sem þar hefur stýrt öllum framkvæmdum getur byrjað strax næsta vor að endurbyggja í Krýsuvík. Veraldarvinir sjá sjálfir um að útvega allt efni og sinna allri vinnu.

Allt ferlið er Hafnarfjarðarbæ fullkomlega að kostnaðarlausu, þótt auðvitað verði unnið í samráði við yfirvöld. Það eina sem við viljum er að hafa húsið og einhvern hluta svæðisins til umráða í tutugu ár eða svo.

Hugmyndin er í senn einföld og flókin. Ef við erum með vinnuáfl á staðnum, þá auðveldar það okkur alla vinnu í Krýsuvík. Ef við erum með þetta hús til umráða þá getum við unnið að sjálfbærni verkefnum okkar og skilað arðvænlegri búbót til samfélagsins. Þetta byggist á því að við myndum koma okkur upp aðstöðu til ræktunar plantna sem síðan yrðu notaðar við uppgræðslu í Krýsuvík á vegum GFF. Margþættar leiðir að sjálfbærni koma hér við sögu.

Hugsunin er þannig sú að þarna verði í raun og veru vinnuskóli, bækistöð fyrir sjálfbóðaliða og stjórnstöð sjálfbærni verkefna í Krýsuvík.

Veraldarvinir, einsog GFF, hafa verið með kennslu af ýmsum toga fyrir sjálfbóðaliða. Námið er fólgið í að draga fram nýjar hugmyndir, að leita leiða við endurnýtingu úrgangs og að stuðla að sjálfbærni. Við höfum verið með fjölmörg námskeið og höfum einnig tekið þátt í námskeiðahaldi á netinu, t.d. í samvinnu við Kínverja og Evrópusambandið. Húsið í Krýsuvík varí bókstaflega kjörið til að vera miðdepill slíkrar starfsemi á Íslandi. Á þessum stað er allt sem þarf. Samspil þátta í náttúrunni og uppbygging svæðanna gætu orðið að ómetanlegri lyftistöng fyrir hugsjónafólk sem þráir að láta verkin tala.

Við sjáum einnig fyrir okkur að sjálfbóðaliðar gætu komið að hreinsun við Seltún, tekið þátt í uppgræðslu á öðrum stöðum, hreinsað rusl vestan við Sveifluháls en drasl er þar að finna í hellum, gjám og lautum. Fólk okkar getur komið að hreinsun á skothylkjum og leirdúfum sem er víða að finna á svæðinu og öðrum svæðum í námunda við bæinn. En við getum útvegað fjöldann allan af sjálfbóðaliðum sem vinna verk undir handleiðslu þeirra sem vel til verka kunna. Ef við gætum verið með 2 - 3 leiðtoga í Krýsuvík frá vori og fram á haust þá myndi það auðvelda allt skipulag og auka alla skilvirkni.

Víða um lönd koma sjálfbóðaliðar að vörslu þjóðgarða, að uppgræðslu og verndun svæða sem eru í umsjá ríkis og sveitarfélaga. Við getum hugsað okkur að hreinsa strandlengju, gera göngustíga, stíka stíga og jafnvel hafa eftirlit með svæðum. Þá geta sjálfbóðaliðar séð um uppgræðslu með verkþekkingu GFF að leiðarljósi. Margt af okkar unga fólki getur starfa við ýmiskonar gæslu eða vöktun, s.s. við útihátíðir, jólamarkaði eða einsog áður segir, við vöktun svæða sem Hafnarfjörður hefur yfir að ráða.

Okkar fólk vill fá að vera í ýmis konar húsnaði og það er viljugt að taka til hendinni við endurbætur. Við biðjum því um að vel verði hugsaður sá kostur að leyfa Veraldarvinum að koma að endurbyggingu og nýtingu húsakostsins í Krýsuvík.

Kveðja,
Kristján Hreinsson